

## Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 31. ágúst 2017

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Jóna Margrét Ólafsdóttir ritari, Björn Sigurðsson gjaldkeri, Elsa María Guðmundsdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Hilmar Örn Jónasson, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Emil Örn Harðarson mótastjóri  
**Afboða, mæta ekki:** Jón Hjaltason varaformaður, Eva Hannesdóttir og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

Fundur settur kl. 19:10

### 1. Fundargerðir

a. Þinggerð 2017

*Staðfest – verður birt á heimasíðu SSÍ og send ÍSÍ á rafrænu formi*

b. Dómaranefnd 70.fundur, maí 2017

*Staðfest*

c. Dómaranefnd 71.fundur, júní 2017

*Staðfest*

### 2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Kristinn Þórarinsson	Sundeild Fjölnis	Sf. Ægir	02.08.2017	01.09.2017

### 3. Staðfesting meta

#### 25m laug

##### Karla

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Anton Sveinn McKee	Ægir	00:58,66	06.08.17	Berlín

#### 50m laug

##### Kvenna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m baksund	Ingibjörg Kristín Jónsdóttir	SH	00:28,53	26.07.17	Búdapest
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	00:30,71	29.07.17	Búdapest

#### 50m laug

##### Karlar

##### Garpar 45-49 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m bringusund	Jónas Pétur Aðalsteinsson	Ægir	00:39,98	15.08.17	Búdapest
100m bringusund	Jónas Pétur Aðalsteinsson	Ægir	01:27,98	15.08.17	Búdapest

##### Kvenna

##### Garpar 45-49 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Hildur Karen Aðalsteinsdóttir	ÍA	01:16,72	15.08.17	Búdapest

##### Garpar 65-69 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m skriðsund	Guðmunda Ólöf Jónasdóttir	ÚMSB	00:43,40	17.08.17	Búdapest

### 4. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
06.07.2017	Rökstuðningur v/AMÍ	Óðinn/hf
20.07.2017	Svar við bréfi Óðins	SSÍ/hjo
<i>Bréfi formanns Óðins var svarað strax í júlí og í framhaldi af því áttu formaður og varaformaður SSÍ fund með stjórn Óðins. Umræður, ásamt tillögum af þeim fundi auk tillagna einstakra stjórnarmanna eru afgreiddar undir liðnum Önnur mál.</i>		
21.08.2017	Sýnum karakter – ráðstefna	ÍSÍ/rs
<i>Lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að finna tvo unga aðila úr íslensku sundfjölskyldunni til að taka þátt í ráðstefnunni fyrir hönd SSÍ</i>		

## Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 31. ágúst 2017

24.08.2017	LEN Officials Seminar 2017	LEN/len
<i>Lagt fram. Vísað til framkvæmdastjóra og dómaranefndar að vinna áfram að málum þannig að það nýtist sundsamfélaginu á Íslandi</i>		
27.08.2017	Bréf frá IKJ og BRH um HM50	ikj+brh
<i>Lagt fram. Formanni falið að svara bréfiturum í anda umræðu fundarins</i>		
29.08.2017	2018 FINA Swimming Schools for Officials	FINA/cm
<i>Vísað til dómaranefndar og framkvæmdastjóra að kanna möguleika á að nýta þetta tilboð</i>		
29.08.2017	FINA Scholarships Programme	FINA/cm
<i>Vísað til landsliðsnefndar að vinna úr fyrir næsta stjórnarfund</i>		
30.08.2017	Invitation to Riga Sprint 2017, Fina qualification event	LPF/ap
<i>Lagt fram</i>		

### 5. Fjármál

- a. Hlutur sundfólks í keppnisferðum ársins
  - i. GSSE
  - ii. EYOF
  - iii. EMU
  - iv. NÆM

*Stjórn felur gjaldkera og framkvæmdastjóra að innheimta hlut sundfólks í ofangreindum verkefnum. Þau skulu leita allra leiða til að lágmarka þessi útgjöld sundfólks og hlutfall hvers og eins má ekki fara yfir 40%*

- v. HM50
- vi. NM
- vii. EM25

*Stjórn samþykkir að ekki verði innheimt gjöld vegna kostnaðar frá sundfólki í þessum verkefnum*

- b. Fylgdarfólk í verkefnum

- i. Ganga þarf frá greiðslum vegna GSSE, EMU, NÆM, EYOF, HM50 2017
- ii. Fastsetja þarf greiðslur vegna fylgdarfólks í verkefnum næsta sundárs

*Gjaldkera og ritara falið að fara yfir greiðslur til fylgdarfólks í verkefnum SSÍ og gera tillögu til stjórnar.*

- c. Stjórnarfólk á EM25

*Gjaldkeri og framkvæmdastjóri kanna möguleika á því að stjórn SSÍ geti sótt EM25*

### 6. EM25 í Kaupmannahöfn

- a. Stjórnarfólk á EM25
- b. Kynning á mannvirkjum
- c. Kynning á sundlaugum
- d. Fulltrúar sveitarfélaga með í för

### 7. Lágörk og viðmið

- a. Lágörk SSÍ móta

*Staðfest*

- b. Lágörk alþjóðlegra opinna og unglíngamóta erlendis

*Staðfest*

- c. Viðmið og áætlanir um landsliðsverkefni

*Staðfest*

- d. Lögð fram endanleg útgáfa með lágörkum í landsliðsverkefni og meistaramót SSÍ auk áætlana um reglubundnar æfingabúðir landsliða

*Staðfest*

## Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 31. ágúst 2017

---

### 8. Atburðadagatal SSÍ

#### a. Tillaga um fararstjóranámskeið

- i. Fararstjóranámskeið verði haldið í september fyrir fólk sem hefur áhuga á að taka að sér liðstjórn á sundmótum erlendis og hér heima fyrir hönd SSÍ.
- ii. Námskeiðið skiptist upp í 3 hluta
  - Almennt um fararstjórn/flokkstjórn
  - Sértek atriði fyrir sundhópa – sýn keppandans
  - Fyrsta hjálp
- iii. Skilyrði þess að taka þátt í námskeiðinu er að tala íslensku og ensku

*Fræðslunefnd tekur málið að sér og sendir skrifstofu SSÍ tillögu um dagsetningu og endanlega útfærslu til að fylgja málinu eftir*

#### b. Tillaga um þjálfaranámskeið

*Fræðslunefnd hefur þegar útfært áætlun um þjálfaranámskeið I og II. Skrifstofu SSÍ falið að fylgja málinu eftir og setja dagsetningar námskeiða inn á Atburðadagatal*

#### c. Tillaga um námskeið fyrir foreldra og fleiri

*Fræðslunefnd hefur útfært eftirfarandi námskeið: 1) hvernig á að vera þulur 2) hvernig á halda mót 3) hvernig starfar stjórn 4) hvert er hlutverk foreldra 5) stærri félög taka minni félög í fóstur Rætt um möguleika á að gera myndbönd til að setja á Youtube rás SSÍ. Skrifstofu SSÍ er falið gera áætlun með fræðslunefnd um hvar og hvernig þessi námskeið fara fram, ásamt því að kanna með framleiðslu á myndefni til að auðvelda að koma þessu fræðsluefni á framfæri.*

#### d. Tillaga um fræðslu fyrir sundfólk

*Ýmsar hugmyndir uppi – nánar útlistað síðar – kallað eftir hugmyndum frá Sundmannaráði SSÍ*

#### e. Lögð fram endanleg útgáfa af Atburðadagatali SSÍ

*Staðfest*

### 9. Skipurit SSÍ

#### a. Skipurit – yfirlit

#### b. Verkaskipting stjórnar og starfsfólks

*Stjórn felur formanni og gjaldkera að ganga frá skipuriti SSÍ og verkaskiptingu starfsfólks sem byggist á fyrirliggjandi gögnum*

#### c. Erindisbréf nefnda, verkefni nefnda og hlutverk stjórnarfólks og starfsfólks í nefndum SSÍ

*Staðfest – send nefndum til yfirferðar.*

### 10. Uppbygging og útbreiðsla

#### a. Uppbygging félaga

##### i. Fyrir liggur beiðni frá Austra um aðstoð við æfingabúðir og fleira

- Ingibjörg Kristinsdóttir formaður fræðslunefndar sat fundinn undir þessum lið

*Fræðslunefnd falið að sinn þessari beiðni. Möguleiki á að nýta Sprengimót Óðins og aðstöðu Óðins til þess að auka möguleika sundfólksins að tengjast sundhreyfingunni á Íslandi. Afrekssundfólk verður beðið um að aðstoða auk þess sem stjórnarmaður Elsa mun aðstoða. Mótastjóra falið að senda kynningu um þetta til félaga í samráði við formann fræðslunefndar.*

#### b. Uppbygging aðstöðu

## Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 31. ágúst 2017

---

- c. Sundkennsla á Íslandi
- d. Almenningsund

### 11. Sundíþróttamiðstöð Íslands

- a. Formaður leggur fram minnisblað

*Formanni og gjaldkera falið að ljúka stofnun Sundmiðstöðvar hið allra fyrsta og leggja hugmyndir um starfsemi og rekstur miðstöðvarinnar fyrir stjórn SSÍ*

### 12. Norðurlandameistaramót á Íslandi í desember

*Kynning*

### 13. Norðurlandameistaramót fatlaðra á Íslandi í nóvember

*Kynning*

### 14. Önnur mál

- a. Tillaga um fræðslu og uppörvun fyrir garpasundfólk og þjálfara
  - Ingibjörg Kristinsdóttir formaður fræðslunefndar sat fundinn undir þessum lið
  - i. Að Mel Goldstein varaformaður garpanefndar FINA verði fenginn hingað til lands til að fræða þjálfara um garpasund og uppbyggingu í garpasundi og til að hvetja garpasundfólk til dáða. Þessi fræðsla og uppörvun verði í samvinnu við Þríprautasamband Íslands.  
Á Íslandi eins og víða annarsstaðar eru mjög margir sem eru að synda sér til heilsubótar en ekki til að æfa fyrir keppni. Við þurfum að ná sambandi við þetta fólk og Mel hefur náð góðum árangri í sínu félagi í USA auk þess að vera aðaldrifjöður í bandarísku garpasundi. Hann hefur einnig verið í góðu samstarfi við þríprautarfólk/samtök.

*Staðfest – fræðslunefnd og garpanefnd ásamt mótastjóra munu vinna að þessu*

- b. Reglur LEN um sundíþróttir lagðar fram
- c. Lágmark LEN á Evrópumeistaramót garpa 2018 lögð fram
- d. Otrásund, kynning
- e. Skýrsla fararstjóra HM50 lögð fram
- f. Umræður um einelti og ofbeldi innan hreyfingar
  - Ingibjörg Kristinsdóttir formaður fræðslunefndar sat fundinn undir þessum lið

*Stjórn SSÍ samþykkir að setja í gang fræðslu fyrir félög og sundfólk, um einelti, ofbeldi af öllu tagi og geðheilsu. Markmiðið er að sundfólk og félög verði upplýst um hvað er eðlilegt og hvað ekki, hvaða viðbrögð eru viðeigandi og svo framvegis. Nýtt verður efni frá ÍSÍ og fengnir utanaðkomandi aðilar og fagfólk til verka. Fræðslunefnd mun vera í forystu fyrir þessari fræðslu. Stjórnarmaður Hrafnhildur og stjórnarmaður Helga munu vera fulltrúar stjórnar í þessari vinnu*

- g. Tillögur um reglubundna staðsetningu AMÍ
  - i. Tillaga 1
    - skipta landinu upp í 3 svæði .
      - Svæði 1 - Reykjanes, Akranes, Borgarfjörður, Hveragerði, Selfoss og Vestmannaeyjar

## Fundargerð 5. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 31. ágúst 2017

- Svæði 2 - Höfuðborgin þ.e. Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Kjalarnes
- Svæði 3 - Landsbyggðin þ.e. önnur svæði en talin eru upp hér að ofan.
- AMÍ færist á milli þessara svæða milli ára og innan svæðisins eftir því hvað langt er síðan félag hélt AMÍ síðast. Ef ekkert félag frá því svæði sem ætti að halda mótið vill halda það þá flyst það á næsta svæði og þannig áfram. Ef svæði dettur úr þá bíður það þar til að kemur að þeim aftur.

*Stjórn samþykkir tillögu 1. Árið 2018 verður AMÍ á svæði 2, árið 2019 á svæði 3, árið 2020 á svæði 1 og svo framvegis,*

ii. Tillaga 2

skipta landinu upp í 2 svæði .

- Suðvesturhornið þ.e. Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Kjalarnes, Akranes og Kraginn þ.e. Reykjanes
- Landsbyggðin
- AMÍ færist á milli þessara svæða milli ára og innan svæðisins eftir því hvað langt er síðan félag hélt AMÍ síðast. Ef ekkert félag frá því svæði sem ætti að halda mótið vill halda það þá flyst það á næsta svæði og þannig áfram. Ef svæði dettur úr þá bíður það þar til að kemur að þeim aftur.

*Vísad frá*

iii. Tillaga 3

skipta landinu upp í 5 svæði

- Höfuðborgin þ.e. Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Kjalarnes
- Suðurland frá og með Reykjanesi til og með Hafnar
- Austurland frá Höfn að Langanesi
- Norðurland frá Langanesi að Hrútafirði
- Vestfirðir frá Hrútafirði að Reykhólum V
- Vesturland frá og með Reykhólum að Hvalfirði
- AMÍ færist á milli þessara svæða milli ára og innan svæðisins eftir því hvað langt er síðan félag hélt AMÍ síðast. Ef ekkert félag frá því svæði sem ætti að halda mótið vill halda það þá flyst það á næsta svæði og þannig áfram. Ef svæði dettur úr þá bíður það þar til að kemur að þeim aftur.

*Vísad frá*

Fundi slitið kl. 22:35